

kostnað, kr. 1.900 í afsagnarkostnað og kr. 170.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 12. desember 1978.

Nr. 226/1977. **Kristinn Arason**

(Jón E. Ragnarsson hrl.)

gegn

Hljóðfæraverslun Poul Bernburg h/f

(enginn).

Víxilmál. Afsögn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Magnús Þ. Torfason.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 20. desember 1977, að fengnu áfrýjunarleyfi 13. s. m. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda í málinu og málskostnaðar úr hans hendi fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefnda hefur enginn komið fyrir Hæstarétt.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur áfrýjandi komið fyrir dóm og gefið skýrslu. Greindi hann svo frá, að í víxli þeim, sem málið er risið af, hefði verið tilgreint, þegar hann ritaði framsal sitt á hann, að víxilinn ætti að greiða í Landsbanka Íslands. Hefði hann engum veitt umboð til að breyta þeirri áritun. Þá hefur samþykkjandi víxilsins borið um það, að tilgreint hafi verið í víxlinum, er hann samþykkti hann, að hann bæri að greiða í Landsbanka Íslands. Staðhæfing sama efnis hafði komið fram fyrir héraðsdómi af hendi eins framseljanda víxilsins, sem þar var varnaraðili. Andmælti stefndi þessu ekki, en féll frá öllum kröfum sínum á hendur framseljanda þessum.

Framangreindur víxill ber það með sér, að á eyðublaðið, sem hann er ritaður á, hefur verið prentað: „Víxillinn greiðist í Landsbanka Íslands Reykjavík“. Enn fremur, að strikað hefur verið yfir orðin: Landsbanka Íslands, en vélritað þess í stað: Verzlunarbanka Íslands h/f.

Eins og hér hagar til, standa ákvæði 45. gr. laga nr. 75/1973 því ekki í vegi, að málsvörn áfrýjanda, sem ekki sótti þing í héraði, komist að fyrir Hæstarétti.

Leggja verður til grundvallar þá staðhæfingu samþykkjanda víxilsins svo og áfrýjanda og fyrrgreinds framseljanda, að umrædd breyting á víxlinum hafi verið gerð, eftir að þeir rituðu nöfn sín á hann, enda er þessu ómótmælt.

Afsögn víxilsins fór fram í Verzlunarbanka Íslands h/f. Það var ekki réttur afsagnarstaður víxilsins, eins og hann hafði verið gerður úr garði, skv. 91. gr. laga nr. 93/1933. Greiðslufall af hendi greiðanda víxilsins hefur því ekki verið sannað með lögmætri afsagnargerð, sbr. 1. mgr. 44. gr. sömu laga. Er ekki fullnægt lagaskilyrðum, til að stefndi megi leita fullnustu hjá áfrýjanda, og er víxilréttur gagnvart honum fallinn niður samkvæmt 53. gr. víxillaga, sbr. 3. mgr. 44. gr. laganna og lög nr. 25/1968.

Ber samkvæmt þessu að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í málinu, en rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð :

Áfrýjandi, Kristinn Arason, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Hljóðfæraverslunar Poul Bernburg h/f, í máli þessu.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. maí 1977.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. maí sl., hefur Hljóðfæraverslun Poul Bernburg h/f, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 31. janúar og 1. febrúar sl., gegn Skúla G. Jóhannesyni, Leirubakka 32, Reykjavík, Guðrúnu Sigurðardóttur, s. st.,

Margréti Thors, Vesturbrún 18, Reykjavík, og Kristni Arasyni, Vogatungu 16, Kópavogi, in solidum til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 373.249 með 2% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 15. maí 1976 til 20. nóvember s. á., en með 2.5% dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, kr. 2.790 í stimpil- og afsagnarkostnað auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Stefnda Margrét Thors hefur látið sækja þing og krafist sýknu og málskostnaðar, en undir rekstri málsins var fallið frá öllum kröfum á hendur henni í máli þessu.

Af hálfu annarra stefndu hefur ekki verið sótt þing.

II.

Stefnandi kveður skuldina vera samkvæmt vixli að fjárhæð kr. 373.249, útgefnunum 23. maí 1975 af Guðrúnu Sigurðardóttur og áböktum af henni, Margréti Thors, Kristni Arasyni og stefnanda, Hljóðfæraverslun Poul Bernburg h/f, en samþykktum af Skúla G. Jóhannessyni til greiðslu í Verzlunarbanka Íslands h/f, Reykjavík, með gjalddaga 15. maí 1976. Vixillinn hafi ekki verið greiddur á gjalddaga og því verið afsagður sökum greiðslufalls. Stefndu hafi eigi fengist til að greiða skuld þessa þrátt fyrir innheimtutilraunir.

III.

Eins og áður getur, hefur verið fallið frá kröfum á hendur stefndu Margréti Thors í máli þessu, og ekki hefur verið sótt þing af hálfu annarra stefndu. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfu stefnanda, verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 53.500.

Sigríður Ólafsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu Skúli G. Jóhannesson, Guðrún Sigurðardóttir og Kristinn Arason greiði in solidum stefnanda, Hljóðfæraverslun Poul Bernburg h/f, kr. 373.249 með 2% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 15. maí 1976 til 20. nóvember s. á., en með 2.5% dráttarvöxtum frá þeim degi til

greiðsludags, kr. 2.790 í stimpil- og afsagnarkostnað og kr. 53.500 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 14. desember 1978.

Nr. 55/1977. **Rannveig Ingimundardóttir**

(Hörður Einarsson hrl.)

gegn

Oddvita Sveinsstaðahrepps

f. h. hreppsins

(Helgi V. Jónsson hrl.).

Uppboð. Fyrning lögtaksréttar. Lögveð. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson og Guðmundur Jónsson borgardómari.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 12. apríl 1977, að fengnu áfrýjunarleyfi hinn 16. mars 1977. Krefst hún þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og að synjað verði kröfu stefnda um sölu jarðarinnar Þingeyra í Sveinsstaðahreppi á nauðungaruppboði. Þá krefst áfrýjandi og málskostnaðar úr hendi stefnda, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar svo og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fram er komið í málinu, að stefndi notaði sér heimild 45. gr. laga nr. 8/1972 til að breyta gjalddögum fasteignaskatts, álagðs 1972, til samræmis við gjalddaga útsvara. Verður því við það að miða, að gjalddagi fasteignaskatts þess, sem lagður var á áfrýjanda á því ári vegna hlunninda jarðarinnar